

Mál nr. 412/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Umferðaróhapp 9. maí 2018 og orsakatengsl við líkamsmeiðsli.****Gögn.**

Málskot dags. 2. desember 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 10. desember 2020.

Bréf lögmanns M dags. 15. desember 2020.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi tilkynnt um líkamstjón vegna umferðaróhapps 9. maí 2018 til V með tjónstilkynningu dags. 11. október 2019. Í lögregluskýrslu vegna umferðaróhappsins kemur fram að M hafi verið farþegi í bifreiðinni X þegar hún valt við Krýsuvíkurveg og í skýrslunni kemur fram að M segist ómeiddur eftir atvikið. Í svokölluðum meðferðarseðli hjúkrunarfræðings dags. 9. maí 2018 kemur fram að M hafi leitað á bráðadeild Landspítalans vegna bílveltu þremur tímum áður. Þar kemur eftirfarandi fram: „Kemur nú vegna verkja í hné og eymsla yfir thorax vinstra megin.“ Einnig kemur fram að vegna langs biðtíma á bráðadeild ætli M að koma aftur daginn eftir. Í sjúkraskrá M frá Heilsugæslu kemur fram að M hafi haft samband við hjúkrunarfræðing 15. apríl 2019 vegna meiðsla í baki eftir bílslys og næstu samskipti á heilsugæslustöð eru síðan í september 2019 þegar M hittir lækni vegna þessa og gefin er út beiðni fyrir sjúkrabjálfun.

M telur að hann hafi orðið fyrir meiðslum í bílveltunni 9. maí 2018 og orsakatengsl séu milli hennar og þeirra einkenna sem hann hefur í baki og lýst er í læknisfræðilegum gögnum málsins. M bendir á að hann hafi leitað samdægurs á bráðadeild vegna bakverkja og síðan í apríl og september 2019 til heilsugæslu vegna sömu einkenna. M vísar til þess að bílveltan hafi verið alvarleg og miklar sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni X og þannig sé hægt að álykta að nokkuð högg hafi komið á líkama hans. Einnig vísar M því á bug að einkenni hans séu álagstengd, hann hafi verið ungur að aldri þegar hann lenti í bílveltunni og enga sögu átt um líkamlega verki fyrir slysið og það sé staðfest í læknisfræðilegum gögnum málsins.

V telur að orsakatengsl milli bílveltunnar og einkenna M séu ósönnuð og að það hafi liði tæpt ár frá atvikinu þangað til M hafi fyrst lýst verkjum í baki við hjúkrunarfræðing á heilsugæslu. V telur að koma M á bráðadeild sýni eingöngu eymsli við viðbein vinstra megin og eymsli í vinstra hné, en ekki bakverki. Þannig verði ekki sýnt að bakverkir M verði raktir til bílveltunnar.

Álit.

Óumdeilt er að M var farþegi í bifreiðinni X sem valt og skemmdist nokkuð við Krýsuvíkurveg 9. maí 2018. M leitaði á bráðadeild samdægurs og lýsti þar tilteknum eymslum við viðbein og í hné við hjúkrunarfræðing, en ekki aftur til lækni eða hjúkrunarfræðings fyrr en í apríl 2019 og bar þá um bakverki sem hann tengdi við bílveltuna. Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum og tímabundnum eða varanlegum afleiðingum bílveltunnar. Ekki liggur heldur fyrir í gögnum málsins að M hafi tryggt sér sönnun um þær líkamlegu afleiðingar sem hann lýsir aðallega í september 2019 hjá lækni séu eingöngu tengdar bílveltunni. Á meðan ekki liggur fyrir sérstakt mat á orsakatengslum er sá vafi um að þau séu fyrir hendi að ósannað er að þau einkenni sem M hefur í baki sé hægt að rekja til umferðaróhapps í bifreiðinni X. M á því ekki að svo stöddu rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.